

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu há hafa framlög ríkisins verið til íslenskukennslu fyrir útlendinga árlega frá árinu 2000 og hvert hefur framlagið verið sömu ár umreiknað á hvern erlenda ríkisborgara með búsetu á landinu?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá framlög félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneytis frá árinu 2005 til íslenskukennslu fyrir útlendinga utan formlega skólakerfisins en framhaldsfræðsla fellur undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. forsetaúrskurð nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneyti, sem var áður mennta- og menningarmálaráðuneyti, liggja tölur ekki fyrir vegna áranna 2000–2004 en framhaldsfræðsla féll undir málefnasvið þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneytis á því tímabili. Í töflumni má jafnframt sjá fjölda innflytjenda hér á landi frá árinu 2005 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, miðað við 1. janúar ár hvert, sem og umreiknað fjárframlag hvers árs á hvern innflytjanda.

Ár	Styrkir til íslensku-kennslu til fræðsluaðila	Fjöldi innflytjenda með búsetu í landinu 1. janúar	Umreiknað á hvern innflytjanda
2005	15.000.000	13.033	1.151
2006	24.000.000	16.690	1.438
2007	164.000.000	22.110	7.417
2008	247.000.000	27.248	9.065
2009	110.000.000	28.648	3.840
2010	93.000.000	26.174	3.553
2011	107.000.000	25.967	4.121
2012	117.000.000	25.444	4.598
2013	115.000.000	25.928	4.435
2014	111.000.000	27.450	4.044
2015	116.000.000	29.198	3.973
2016	118.000.000	31.819	3.708
2017	137.236.400	36.005	3.812
2018	138.170.000	43.745	3.159
2019	143.000.000	50.279	2.844
2020	143.000.000	55.363	2.583
2021	276.649.375	57.126	4.843
2022	145.500.000	61.148	2.380
2023	232.650.000	71.424	3.257